



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

5. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 13. nóvember 2018 og er að þessu sinni fjarfundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Pálmi Kristjánsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Innra starf MSS
- Verkefnin sl. misseri
- Verkefnin framundan
- Önnur mál

Innra starf MSS

Innri mál stjórnar – ósk um áheyrnarfulltrúa

Eva Harðardóttir formaður SASS hefur óskað eftir að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúi. Málið rætt og lögð áhersla á að slík ákvörðun sé hugsuð lengri tíma. Stjórn telur vega þungt að tryggja tengingu milli stjórnar MSS og SASS og samþykkir setu Evu sem áheyrnarfulltrúa í stjórn MSS. Stjórn áréttar þó að mikilvægt er að tekið sé tillit þessarar tengingar við skipun fulltrúa SASS í stjórn Markaðsstofunnar til framtíðar.

Starfsmannamál

- Guðmundur Fannar hóf störf 1. nóvember. Mikilvægt að vera með fulla mönnun á ný og eru verkefnið komin á fulla skrið.
- Skuld greidd við Lífeyrissjóðinn Brú.

Geymslu og öryggismál

Áfram í vinnslu með öryggisfulltrúa TRS, Stefnu og fleiri aðilum. Persónuverndarlöggjöfin skoðuð samhliða vistun gagna.

Mál klasans Friður og frumkraftar

Formaður klasans hafði samband og var að skoða samstarfsfleti og óskaði eftir kynningu á sveitarfélagasíðuformi á south.is. Framkvæmdastjóra falið að ræða frekar við formann klasans.

Verkefni sl. mán

Endurnýjun samninga

Endurnýjun samninga við 6 sveitarfélög, hafa erindi verið send á Ásahrepp, Bláskógabyggð, Flóahrepp, Hrunamannahrepp, Hveragerðisbæ og Árborg. Árborg hefur samþykkt að framlengja um 1 ár. Kynningar í framhaldinu á bæði MSS og DMP.

Áfangastaðaáætlun – DMP

- Samantektin er farin í prentun og var birt í gær á vefnum www.south.is/dmp. Kynning verður haldin í vikunni með öðrum landshlutum á Hótel Sögu. MSS fékk úthlutað 1,8 milljónum króna til að standa straum að ferðalögum og kostnaði við að kynna DMP. Búið er að senda inn áætlun vegna þessa og áætlaðir fundir í nóvember og desember. Framundan að halda áfram að tengja áfangastaðaáætlun saman við aðrar áætlanir og eftirfylgni úr aðgerðaáætlun.
- Páll áréttar að það sé mjög mikilvægt að kynna áætlunina vel fyrir sveitarstjórnarfólki á öllu Suðurlandi. Nú er starfshlutfall sem fylgir áfangastaðaáætlun innan MSS og mikilvægt að þessu sé fylgt vel eftir inn til sveitarfélaganna (og víðar) til að vinnan sem liggur að baki fari ekki í súginn. Mikilvægt að aðilar sem koma að skipulagsmálum (s.s. sveitarfélög, umhverfisstofnun, vegagerð og fleiri) fái og vinni eftir áfangastaðaáætlun. Í dag er DMP besta áætlunin sem til er um áherslur áfangastaðarins.
- Vatnajökulsþjóðgarður er að vinna að uppfærslu á verndunar- og stjórnunaráætlun og þau líta til áfangastaðaáætlunar í þeirri vinnu þar sem mikilvægt er að nýta þá vinnu sem búið er að vinna innan áætlunarinnar.
- Kynning á DMP mun fá stærri sess á næsta fundi stjórnar. Björg vill hafa hann fljótlega þannig að stjórn geti einnig fylgt málum eftir í sínum störfum.
- Verkefni „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna“ komin vel af stað. Verið er að sækja um áhersluverkefni til að styðja betur við Ferðaleiðaverkefni og þá tengja við Auðlindastefnu SASS. Undirbúningur á fullu á myndböndum og öðrum jákvæðum skilaboðum um greinina og áhrif hennar. Samhliða því verða gerð myndbönd um starfsemi MSS.

Markaðsstarf

- **Nýungar í innra markaðsstarfi** í vetur með súpufundum og auknu samtali við aðildarfyrirtæki. Anna búið að leggja mikla vinnu við að ná saman fundaröðinni, verða alls 6 talsins. Brynjar Þór Þorsteinsson verður með erindi á súpufundunum. Framkvæmdastjóri hvetur stjórnarmenn að mæta á fundina og aðra í nærumhverfi.

- Nokkuð um **blaðamannafyrirspurnir** á tímabilinu. Tókum þátt í einu verkefni með Íslandsstofu á tímabilinu, franskur miðill í síðustu viku.
- Ný **kynningarherferð Íslandsstofu** unnin út frá þremur þemum; journey, living, taste. Til umræðu eru áhyggjur af minnkandi áherslu á landsbyggðina og greinina. Ísland er komið á þann stað að það er ekki lengur á á því stigi kynningar að vera eingöngu að vekja athygli á að Ísland sé til sem áfangastaður. Þarf að fara að dýpka kynningu á áfangastaðnum meira inn á landshluta og svæði (líkt og mörg önnur lönd gera). Formaður stjórnar leggur til að landsbyggðin óski eftir að funda með Ferðamálaráði (t.d. einu sinni ári).
- Ákveðið var að ganga til samninga við Siteimprove til að auðvelda vinnu við vefinn, en sleppa persónuverndarluta og „analytics“ hluta að sinni.
- **Landshlutabæklingurinn** kominn út á rafrænu formi og birtur á vefnum, t.d. í banner. Hann hefur verið sóttur/lesinn 384 sinnum síðan á Vestnorden og fólk ver tæpum 7 mín að meðaltali að skoða hann.
- Ekki hefur náðst að klára eftirfylgni vegna **Vestnorden**.
- Fundur var haldinn með Sahara þar sem við fórum yfir samstarfið um **samfélagsmiðlana** og framhaldið. Góður árangur hefur náðst í dreifni á póstum, nánast jafn mikilli og Inspired á einstaka pósta, með tiltölulega lítilli kostun.
- Framkvæmdastjóri sótti **World Travel Market í London** en tekin var ákvörðun um að prófa aðra nálgun á sýninguna. Framkvæmdastjóri sótti fræðsluerindi auk þess að skoða hvað önnur lönd eru að gera í sinni markaðssetningu. Það var mjög fróðlegt og nýtist klárlega við markaðssetningu á Suðurlandi.

Verkefni SASS

- Framkvæmdastjóri hefur fundað með formanni og framkvæmdastjóra SASS á tímabilinu til að stilla saman strengi í hagsmunabaráttu fyrir Suðurland.
- Tókum saman upplýsingar og sendum SASS samantekt varðandi ferðamálin fyrir fjármálaráðstefnu sveitarfélagana.
- Framkvæmdastjóri var starfsmaður á **Ársfundi SASS**.
- Ýmsir aðrir fundir og verkefni tengt samningnum. Nokkrir leitað eftir ráðgjöf og er það að aukast.
- Framkvæmdastjóri sótti haustfund atvinnuþróunarfélaga á Laugarbakka.

MAS samstarf

- Haustráðstefnunni hefur verið frestað þar sem hún lendir of nálægt DMP ráðstefnunni.
- **Mannamótsundirbúningur** kominn á fullt og starfshópur leiðir þann undirbúning. Ragnhildur í þeim hóp fyrir hönd MSS. Við skipulag á sýningarsvæðinu er í mörg horn að líta, fórum og skoðuðum aðstaður í Kórnum. Með breytingu á húsnæði batnar aðstaða gesta og sýnenda til muna en kostnaður einnig mun meiri. Ernir og MAS koma að þessu saman og skipta með sér leigunni á húsnæðinu.

Aðrir fundir og kynningar

- Haldinn var stöðufundur vegna samninga við Ferðamálastofu þar sem farið var yfir verkefni og stöðu samninga.
- Framkvæmdastjóri sótti fund Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu. Góður fundur og umræður. Fundur með formanni Friðar og frumkrafta og sveitarstjóra Skaftárhrepps. Almennt gott hljóð í fólki.

- Kynningarfundur var haldinn á Borg um starfsemi MSS fyrir sveitastjórnnum og öðrum kjörnum fulltrúum Uppsveita Árnessýslu ásamt Ásborgu ferðamálafulltrúa.
- Fundur með fulltrúum nýs **Miðbæjar á Selfossi**, þeir kynntu verkefnið og hvað væri framundan í markaðssetningu hjá þeim. Í framhaldi varði framkvæmdastjóri degi í stefnumótun með þeim og danskri ráðgjafaskrifstofu sem kemur til með að leiða þeirra markaðssetningu.

Faghópur sveitarfélaga

MSS og faghópur sveitarfélaganna stóðu fyrir verkefninu „haustfrí fjölskyldunnar á Suðurlandi“. Svæðin sendu inn sínar áherslur, Anna tók saman og samræmdi birtingu eins og kostur var og birti á viðburðadagatalinu á south.is. Það var svo birt og kostað á facebook. Þetta var frumraunin nú í haust en kominn góður grunnur að sambærilegu í feb/mars þegar vetrarfríin eru. Jafnvel hægt að bæta þá við öðrum miðlum. Fundur **Faghóps** í ferðamálum var haldinn á Hellu (fresta varð Vestmannaeyjum vegna veðurs) og var fundað sérstaklega um kortin. Hópurinn fékk kynningu á dreifingu R3 og rætt var um hvar væri best að dreifa hverju korti. Hópurinn óskaði eftir tilboði í dreifingu sem hópurinn tekur svo afstöðu til.

Nokkur **aðildarfyrirtæki** hafa bæst í hópinn að undanfögnu og þá sérstaklega til að eiga möguleika á að taka þátt í Mannamóti.

Verkefni framundan

- Sex súpufundir verða haldnir í nóvember sem hluti af **innra markaðsstarfi**. Skráning mætti vera betri svo framkvæmdastjóri hvetur stjórn að hvetja fólk til þátttöku á sínum svæðum.
- Samhliða súpufundum fer fram upptaka efnis fyrir **myndböndin** um jákvæð skilaboð og ummæli aðildarfyrirtækja um aðild að MSS.
- **Áfangastaðaáætlun DMP**
 - Sveitarfélögum verður boðið að fá kynningu á Áfangastaðaáætlun og verður bæði í boði að fá kynningu fyrir kjörnum fulltrúum og á opnum fundum. Einnig verður áfram unnið að uppfærslum á aðgerðum.
 - DMP ráðstefna með Ferðamálastofu 15. nóvember þar sem niðurstöður allra landshlutaverða kynntar.
 - Ferðaleiðaverkefni áfram í vinnslu.
 - Verkefnastjórar DMP ásamt framkvæmdastjóra **sækja námskeið** hjá Opna háskóla HR um Þróun áfangastaða - Destination Development.
- **Miðlar**
 - Samfélagsmiðlar áfram í höndum Sahara og farið meira í kostun og efnissköpun. Fannar er að leggja grunn að Markaðsáætlun næsta árs.
 - Aukin áhersla verður á vefsíðuna, líklega einhverjar sveitarfélagasíður að bætast við.
 - Undirbúningur fyrir útgáfu kortsins fer af stað fljótlega.
- Klára þarf **samninga við sveitarfélögin**.
- **MAS samstarf**
 - **Fundur forstöðumanna** 20. nóv í Reykjavík. Stór málefni þar til umræðu ásamt fundi með Íslandsstofu.
 - Undirbúningur **Mannamóts** á eftir að taka mikla athygli og tíma næstu vikur. Starfhópur um Mannamót fundar reglulega og vinnur þess á milli að skipulagi og kynningu.
- **Fjárhagsáætlun 2019** lögð fyrir á næsta fundi.

- **Verkefni SASS** halda áfram í teyllum sem og önnur tilfallandi í kortavef og fleira. Fannar mun koma af krafti inn í ráðgjöf og verkefni. Munum senda inn nokkrar tillögur að áhersluverkefnum, t.d. út frá aðgerðum í DMP. Faghópurinn og MSS mun einnig vinna saman að í það minnsta einni tillögu um mynda- og textaverkefni.
- **Stefnumótunarfundur Íslandsstofu** fyrir næsta ár verður haldinn 23. nóv. Mikilvægt að tryggja áherslur á landssvæðin líkt og önnur lönd gera. Þá verður einnig fundur með erlendu PR stofunum sem eru í samstarfi við Íslandsstofu í lok mánaðarins þar sem fulltrúi MSS mun kynna áherslur Suðurlands næsta árs.
- Klára þarf **Vestnorden** eftirfylgni.
- Ýmsir fundir og kynningar á svæðinu.
- Ganga þarf frá skráning á **Mid-Atlantic**, umræða fer fram í stjórn hvort sama formi verði haldið áfram og samþykkir hún að bóka fjórfaldan bás líkt og undanfarin ár.
- Finna dagsetningu og staðsetningu fyrir **árshátíð/málþing/ársfund**.

Önnur mál

- Lagt er til að hafa desemberfund í Fjölheimum á Selfossi og lengja fjarfundi almennt í 1 ½ klst og samþykkir stjórn það.

Fundi slitið 11:35